

Fundargerð 19. samráðsfundar sambandsins með fræðslustjórum og sveitarstjórum þar sem ekki eru skólaskrifstofur/fræðslustjórar


16. ágúst 2022

Mennta- og barnamálaráðherra, Ásmundur Einar Daðason var gestur fundarins.

1. Nýtt skipurit mennta- og barnamálaráðuneytisins kynnt

Ásmundur (ÁED) þakkaði fyrir boð á fundinn og sagðist vænta mikils af samstarfi við þennan hóp og vísaði í því skyni til þess reglubundna samráðs sem hann átti með félagsmálastjórum þegar hann var ráðherra þess málaflokks. Hann óskaði eftir því að eiga sambærilega fundi með forsvarsmönnum fræðslumála í sveitarfélögum og verður þeirri tengingu að sjálfsögðu komið á.

Ráðherra fór svo yfir og útskýrði markmið og tilgang nýs skipurits mennta- og barnamála Ráðuneytis (mbrn.) en í framhaldi af samruna allra málefna barna í eitt ráðuneyti var þörf á að endurskoða allt skipulag ráðuneytis. Ráðherra segist vænta mikils af samstarfi við þennan hóp og vísar til vinnu sinnar með félagsmálastjórum þegar hann var félagsmálaráðherra.



Nýtt skipurit mennta- og barnamálaráðuneytis

Þá sagði ráðherra frá þeirri endurskipulagningu sem nú er í gangi í Menntamálastofnun (MMS) en í framtíðinni verði hennar hlutverk í meira mæli að þjónusta sveitarfélögin og veita þeim ráðgjöf. Ýmis verkefni sem nú heyra undir MMS, t.a.m. varðandi mats og eftirlitshlutverk stofnunarinnar munu færast til ráðuneytisins og önnur verkefni frá ráðuneyti til MMS. Auglýstar hafa verið stöður nýrra skrifstofustjóra og forstjóra MMS og áhugi á stöðunum er mjög mikill.

ÁED ræddi um mikilvægi þess að efla samstarf til mikilla muna milli grunn- og framhaldsskóla, sér í lagi á sviði skólaþjónustu. Ljóst væri að rof kæmi iðulega í þá þjónustu á milli þessara skólastiga sem bituðu á viðkomandi börnum og það yrði að koma í veg fyrir því einstaklingurinn mætti aldrei líða fyrir uppbyggingu kerfisins. Hann sagði afar þýðingarmikið bæði í ljósi áherslna í farsældarlögum og menntastefnu að fara að hefjast handa við endurskipulagningu skólaþjónustunnar með það að markmiði að gera hana heildstæðari yfir skólastigin þrjú og kallaði eftir góðu samráði við sveitarfélögin um það stóra verkefni. Börnin þurfa þjónustu frá mörgum kerfum sem verða að tala saman. Fram kom að ein aðgerð nýrrar byggðaáætlunar ávarpar einnig samhæfða skólaþjónustu og vill tryggja aðgengi að henni óháð landfræðilegri búsetu. Þá undirstrikaði hann mikilvægi þess að efla stuðning við það fagfólk sem vinnur með börnum. Hann greindi, í því samhengi, frá því að Sigrún Daníelsdóttir, sálfræðingur, sem unnið hefur hjá Landlæknisembættinu að heilsuefandi samfélögum og skólum og haft frumkvæði að vinnu við geðrækmállefni barna er nýr starfsmaður ráðuneytisins.

Í umræðum og fyrirspurnum kom fram ánægja með áformin um að samhæfða skólaþjónustuna og styrkja til muna en áhyggjum lýst yfir af skorti á fagfólki. Erfitt reynist að fá t.a.m. sálfræðinga, þroskaþjálfara og talmeinafræðinga til starfa um landið. Auka þyrfti fjölbreytni fagstétta í skólakerfinu og leyfa sér að hugsa út fyrir boxið í því skyni með farsæld barna að leiðarljósi.

ÁED sagði að setja þyrfti samtalið á fullt og breytingar og umbætur á kerfinu þyrftu að fæðast í samstarfi þeirra sem fara með kerfin. Skortur á fagfólki væri ein mesta áskorunin svo unnt væri að ná fram markmiðum farsældarlaga og menntastefnu. Mbrn. myndi skoða það með háskólunum hvort hægt væri að auglýsa sérstaklega tilteknar námsleiðir og tala þyrfti upp störf í þágu barna. Það væri því mjög jákvætt að sjá þessa góðu aðsókn í nýtt diplomanám í farsældarfræðum, yfir 120 umsækjendur.

Viðraðar voru áhyggjur af þeim tíma sem fer í að koma heilbrigðisþjónustunni með á farsældarvagninn, það virtist sem það kerfi væri ekki alveg með á nótunum varðandi breytta starfshætti og aukna teymisvinnu þvert á kerfin. ÁED tók undir það og sagði heilbrigðisþjónustan ekki komna jafn langt í farsældarhugsuninni og félagsþjónustan og Menntakerfið og það sama mætti segja um löggæsluna. Þetta væriverkefnið framundan, að eyða flöskuhálsunum og samhæfða kerfin í þágu barna.

Þá var nefnt að ekki væri ennþá kominn á samningur við svf. um fjármögnun skólagöngu barna á flóttu, en svf. hafi staðið sig vel við móttöku þeirra. Ljóst er að framundan er fjárfrekt og sérhæft starf vegna mikils fjölda barna á flóttu, ekki síður félagslega en námslega, og svf. þurfi stuðning varðandi þetta.

ÁED nefndi að fljótlega væri von á frekari upplýsingum varðandi flóttabörnin frá Úkraínu og móttöku þeirra en svf. ættu von á að fá stuttan spurningalista á næstu dögum þar sem þau eru beðin um ákveðnar grundvallarupplýsingar til þess að meta stöðuna. Á vef mbrn. væru tilteknar upplýsingar aðgengilegar og hvatti hann til þess að málefni barna á flóttu væru tekin föstum tókum. Hann nefndi að Óttarr Proppé leiddi þá vinnu í mbrn. sem ætti m.a. að leiða til heildstæðrar stefnu varðandi móttöku flóttabarna. Mikilvægt væri að fá tiltekna tölfræði frá sveitarfélögunum og sem skýrastar upplýsingar um þá umframvinnu sem fælist í að þjónusta hópa flóttabarna svo unnt væri að leggja mat á kostnaðinn.

- <https://www.stjornarradid.is/verkefni/menntamal/skolaganga-barna-flotta-folks-fra-ukrainu/>
- <https://island.is/en/p/ukrainian-citizens>
- <https://island.is/v/ukrainian-citizens>
- [Upplýsingablað mennta- og barnamálaráðuneytis á ensku](#)
- [Á úkraínsku](#)

Þá komu fram áhyggjur af stöðu varðandi innritun í framhaldsskóla þar sem skortur er á plássum á tilteknum námsleiðum. Mikilvægt er að tryggja börnum á flótta námspláss líka.

ÁED sagði innritun í framhaldsskólana gangi í tiskubylgjum og erfitt oft að áætla hvert straumurinn minn liggja hverju sinni. Verið væri að vinna að því með skólameisturum að finna ásættanlega lausn varðandi þann skort á námsplássum sem við blasir í nokkrum þeirra. Annað væri ekki hægt að segja á þessum tímapunkti.

Þá var rætt um stöðuna í leikskólamálum og kallað eftir samfélagslegri umræðu um stöðu og hlutverk leikskóla og það erfiða ástand sem víða blasir við í dag. Foreldrar óska eftir, í samræmi við áætlanir stjórnvalda að leikskólinn taki við börnum við 12 mánaða aldur og hafa mörg svf. brugðist við þeirri beiðni. Það kallar á meira leikskólahúsnæði og fleira starfsfólk á leikskólana sem ekki fæst. Þetta samtal þarf að eiga sér stað fyrr en síðar því dæmið gangi einfaldlega ekki upp svona.

ÁED sagði að ekki hefði verið starfsmaður í leikskólamálum í fullu starfi sl. ár en hann vildi breyta því og gefa þessu skólastig það væi sem því bæri. Hann sagði umræður um breytingar á leikskólastiginu þyrftu að koma frá sveitarfélögunum og því fagfólki sem þar er og hann myndi gjarnan vilja taka þá umræðu. Hann kallar eftir samtali og samvinnu við sveitarfélögin um málið og nefndi leikskólaþing sem mbrn. ætlar að standa að í haust sem góðan vettvang til þess að hefja það samtal.

Fundi slitið kl. 12.30.